



10. fundur í aðalstjórn Aftureldingar þriðjudaginn 30. janúar 2018

Haldinn á skrifstofu Aftureldingar að Varmá kl. 18:00

Mætt: Dagný Kristinsdóttir (DK), Birna Kristín Jónsdóttir (BJ), Krístrún Kristjánsdóttir (KK), Anna Fríða Magnúsdóttir (AFM), Kjartan Reinholdsson (KR), Sigurður Rúnar Magnússon (SM), Geirarður Long (GL) og Jón Júlíus Karlsson (JK) framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Nefndir

Óskað hefur verið eftir að mannvirkjanefnd verði kölluð saman. Sú nefnd hefur verið óvirk um langt skeið. Lagt til að nefndin verði lögð af og málefni hennar færð undir aðalstjórn. Haldin verði formannafundur þar sem aðstöðumál og mannvirki félagsins verða gerð að umtalsefni. Stefna skal að opnum fundi með frambjóðendum í aðdraganda sveitastjórnarkosninga þar sem aðstöðumál félagsins verða í brennidepli.

2. Handboltaakademían

Framkvæmdarstjóri búinn að hitta formann handboltadeildar og fulltrúa frá FMOS til að fara yfir nýjan samstarfssamning. Áætlað að klára samninginn í apríl.

3. Rekstrarstyrkir, afgreiðsla á reikningum

Farið var yfir greiðslu rekstrarstyrkja til meistaraflokka og BUR.

Verið er að leggja lokahönd á uppfærðar vinnureglur varðandi afgreiðslu á reikningum á vegum UMFA.

4. Viðræður um samstarfssamning UMFA og Mosfellsbæjar

Viðræður eru hafnar við Mosfellsbæ um nýjan samning en sá eldri er runninn út. Aðalstjórn er búin að gera drög að samningi og verður sendur til bæjarins innan skamms.

5. Önnur mál

Vilborg Jónsdóttir hefur sagt upp störfum. Aðalstjórn þakkar henni fyrir vel unnin störf og óskum henni góðs gengis í nýju starfi. Jón Júlíus leggur til að hann skoði hvernig önnur félög vinna sín fjármál. Leggur fyrir næsta fund stjórnar.

Landsbankinn hefur sagt upp samningi við knattspyrnudeildina og er verið að leita að nýjum styrktaraðila.

Bryn þörf er á að uppfæra heimasíðu félagsins. Jón Júlíus fer í þarfagreiningu og leitar tilboða í kjölfarið.

Fundi slitið kl 19.50
Krístrún Kristjánsdóttir
(sign).